

Grunnskóli Seltjarnarness

Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa 2015 - 2016




Stelpur og tækni. Stelpur í starfsfræðslu í tæknifyrirtækinu Tempo



Kristín Sverrisdóttir og Rannveig Óladóttir




Kristín Sverrisdóttir: 1. – 6. bekkur, Mýrarhúsaskóli

Nemendur voru 306. Náms- og starfsráðgjafi hafði afskipti af 153 börnum ýmist í formi viðtala eða ýmiss konar aðstoðar og reyndist það vera um helmingur nemenda og hefur fjölgað milli ára. Upplýsingar um fjölda viðtala við nemendur og foreldra, skiptingu eftir kyni, hver vísaði nemanda til námsráðgjafa og ástæður komu má sjá hér að neðan, ásamt dreifingu viðtala yfir skólaárið.





Heildarfjöldi skráðra viðtala við nemendur og foreldra voru 435. Viðtöl við drengi eru fleiri eins og áður.






Eins og áður vógu samskiptamál þýngst á vogarskálinni og eftirfylgd var skráð sérstaklega í ár en hún er afar mikilvæg. Skráð eineltismál í Mýrarhúsaskóla voru fjögur. Unnið var samkvæmt eineltisáætlun skólans og tókst að stöðva flest a.m.k. í bili. Síðan voru það mál sem tengdust líðan og heilsu nemenda auk framkomu og hegðunar.

Alls voru 564 skráð viðtöl við starfsmenn og eins og áður voru þar kennarar skólans í meirihluta.




Hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa er fræðsla um ýmis efni fyrir hópa og bekki. Forvarnir gegn ofbeldi voru í 1. bekk undir heitinu „Líkami minn“, í 2. bekk fengum við brúðusýninguna „Krakkarnir í hverfinu“ og í 3. bekk var teiknimyndin „Leyndarmálið“ sýnd. Verkefnið „Jól í skókassa“ var kynnt í 2. - 6. bekk. Nýju námskeiði um samskipti stúlkna var hleypt af stokkunum og voru það stúlkur úr einum 6. bekknum sem fengu það. Lífsleiknikennsla var í öllum 5. bekkjum um samskipti í leik og starfi. Námsækni var kennd í 5. og 6. bekk, starf náms- og starfsráðgjafa kynnt í 3. bekk og félagsfærni-námskeið var haldið fyrir nokkur börn úr þeim árgangi.

Náms- og starfsráðgjafi sinnir fræðslu fyrir hópa.



Samstarf er mikilvægt í starfi náms- og starfsráðgjafa og skráðir fundir voru alls 107 á starfsárinu.



Önnur verkefni


- Sá um að fá fyrirlestur fyrir mæður stúlkna í 5. bekk um samskipti.
- Tengslakannanir voru gerðar í 3. og 6. bekkjum.
- Könnun á líðan í öllum árgöngum.
- Rýniviðtöl við nemendur 2. og 4. bekkjar ásamt Fjólu Höskuldsdóttur deildarstjóra vegna könnunnar á líðan á haust- og vorönn.
- Kennaranemar sem voru í æfingakennslu fengu fræðslu um starf náms- og starfsráðgjafa á þessu skólastigi.
- Aðstoð við próftöku í janúar og maí.
- Regluleg frímínútnagæsla allt skólaárið.
- Umsjón með verkefninu „Hjólað í vinnuna“ í maí.

Hér lýkur meginhluta skýrslu náms- og starfsráðgjafa í Mýrarhúsaskóla og við tekur umfjöllun um Valhúsaskóla.




Í lokin er gerð grein fyrir sameiginlegum verkefnum beggja námsráðgjafa.


Rannveig Óladóttir: 7. – 10. bekkur, Valhúsaskóli

Nemendur voru 196. Náms- og starfsráðgjafi átti viðtöl og ýmis önnur samskipti við u.þ.b. tvo þriðju hluta nemenda. Upplýsingar um fjölda viðtala við nemendur og foreldra, skiptingu eftir kyni, hver vísaði nemandanum til námsráðgjafa og ástæður komu má sjá hér fyrir neðan, ásamt dreifingu viðtala yfir skólaárið.




Heildarfjöldi skráðra viðtala við nemendur og foreldra var 569.








Flestar skráningar(136) eru vegna prófa. Þar er í flestum tilfellum um að ræða nemendur sem taka próf hjá námsráðgjafa vegna þess að þeir þurfa rólegar aðstæður, lengri tíma og e.t.v. stuðning vegna dyslexíu eða annars vanda. Viðtöl vegna samskipta og eineltis voru samtals 148. Skráð eineltismál voru fimm. Undir flokkinn *Annað* falla m.a. viðtöl vegna upplýsingaleitar, náms í Tungumálaveri, fjarnáms í framhaldsskólaáföngum og einstaklingsviðtöl vegna samskiptanámskeiða. Til skýringar er rétt að taka fram að fleiri en ein ástæða getur verið fyrir komu í viðtal.




Alls voru skráð 201 viðtal við samstarfsfólk.



Náms- og starfsráðgjafi sinnir fræðslu fyrir hópa.




Ástæða þess að 8. HDB sker sig úr er að í þeim bekk fór fram tilraunaverkefni. Námsráðgjafi og deildarstjóri héldu samskiptanámskeið fyrir stúlkur annars vegar og drengi hins vegar.




Auk þess að fara í bekkinn tók námsráðgjafi þátt í að kynna Uppeldi til ábyrgðar fyrir nýju starfsfólki, ræddi við nemendur í 9. og 10. bekk í kynjaskiptum hópum um náms- og starfsval út frá jafnréttissjónarmiðum, fór í starfsfræðsluheimsókn á Landspítalann með átta nemendum úr 10. bekk og með öllum stúlkunum í 9. bekk á Stelpur og tækni (verkefni til að efla áhuga þeirra á tæknigreinum) sem haldið var af Háskólanum í Reykjavík.

Efni og fjöldi funda er sundurliðað hér, skráðir fundir voru 72.



Undir flokkinn *Annað* koma m.a. ýmsir fræðslufundir, upplýsingafundur í Menntamálaráðuneyti um námsmat og innritun, framhaldsskólakynning fyrir Seltjarnarnes og skóla í Vesturbæ Reykjavíkur og fjölsóttur kynningarfundur sem námsráðgjafi hélt fyrir nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra um innritun í framhaldsskóla.



Kristín og Rannveig: Samvinnuverkefni náms- og starfsráðgjafa á skólaárinu

Námsráðgjafar beggja skólastiga vinna saman eftir föngum og nýtist vel að hafa samráð sín á milli um ýmis mál. Undirbúningur 6. bekkinga fyrir flutning milli skólahúsa, þ. á. m. vina-bekkjaskipti milli 6. og 9. bekkja, var skipulagður af námsráðgjöfum.

Við vinnslu þessarar ársskýrslu var í fyrsta skipti unnið með nýtt skráningarkerfi sem námsráðgjafar undirbyggðu í fyrra og hafa notað við skráningu á skólaárinu. Skráningin er gerð með kannanaforritinu QuestionPro. Það er von okkar að upplýsingar í þessari skýrslu gefi góða mynd af starfinu.

Seltjarnarnesi, 15. júní 2016

Kristín Sverrisdóttir, Mýrarhúsaskóla

Rannveig Óladóttir, Valhúsaskóla